

## Fundargerð

**Stjórn VJB - 136. fundur stjórnar VJB haldinn í Urriðaholtsstræti 6-8 og fjarfundi, 9. desember 2019, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Anton Freyr Birgisson varamaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri, Ingibjörg Smáradóttir sérfræðingur á skrifstofu og .

### 1. Svæðisráð norðursvæðis - 65 - 1911002F

*Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis. Kynnt voru drög að svarbréfi til Skútustaðahrepps varðandi húsnæði fyrir stofnanir með starfssemi umhverfis Mývatn. Málið verður tekið fyrir sem sérlíður á fundi stjórnar í janúar 2020.*

### 2. Svæðisráð suðursvæðis - 74 - 1910009F

*Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.*

### 3. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Fyrir fundir fundinum lágu fyrir yfirlit rekstrar fyrstu tíu mánuði 2019.

#### Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:00

*Fjármálastjóri kynnti áætlaða stöðu í rekstri stofnunarinnar eftir 12 mánuði. Gert er ráð fyrir að markmið ársins um jákvæða rekstramiðurstöðu náist samkvæmt útkomuspá.*

### 4. Stjórnunar- og verndaráætlun VJB 2020 - 2023 - 1909029

Drög til umræðu

*Kynnt voru drög að ferli og verklagsreglu varðandi endurskoðun og gerð viðauka við Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.*

### 5. Hlutverk og siðareglur svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs 2019 - 1911018

Kynnt voru drög að hlutverki og siðareglum svæðisráða.

*Stjórn þakkar fyrir tillögur aðalskrifstofu að lýsingu á hlutverki og siðareglum svæðisráðsmanna. Aðalskrifstofu falið að vinna áfram að málinu.*

### 6. Vonarskarð - 1709013

Kynnt var staða mála.

*Framkvæmdastjóri kynnti stöðu vinnu við að afla umsagna frá nokkrum fagstofnunum um Vonarskarð. Umsögn hefur borist frá Náttúrufræðistofnun Íslands en beðið er umsagna frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Háskóla Íslands, Landgræðuslunni og Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.*

### 7. VG - Framkvæmdir við Hringveg um Steinavötn og Fellsá - Kynning - 1912002

Fyrir fundinum lá erindi frá Vegagerð vegna framkvæmda um Steinavötn og Fellsá.

*Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fagnar áætlunum lagfæringum á Hringvegi um Steinavötn*

og Fellsá. Stjórn gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina enda er markmiðið m.a. að auka öryggi vegfarenda og ekki er um að ræða breytingar á veglínu. Framkvæmdastjóra falið að svara Vegagerðinni varðandi framangreinda afstöðu stjórnar.

#### **8. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Næsti fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs verður haldinn 20. janúar 2020.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.  
Fundum slitið kl. 15:30.